

menn farnir að þreytast á fégirnd og yfirlægning klerka. Því hver sá, er sannaðist að sök, var líflátinn, og góz hans gjört upptækt. En brátt fóru ofsknirnar að ganga greiðara og bálkestirnir að loga með fullu fjöri. Trúin vaknaði á ný á töfrum og fordæðuskap. Ótti og skelfing gagntók þjóðina, svo að segja mætti, að naumast væri nokkurt þorp eða sveit eftirsílin, er ekki fram-seldi fleiri eða færri til lífláts og pyndinga. Dauðadómarnir voru daglega uppkveðnir, og bálin loguðu glatt um sveitirnar og borgirnar. Ómögulegt er nú að ákveða með vissu tölum þeirra, er þannig létu lífið, en í einum bæ voru 1000 manns myrtir á einu ári, og þau héröd voru til í Þýzkalandi, þar sem að eins 2 konur voru eftir á lífi, þegar ofsknirnar hættu, og má kalla það rösklega að verið.

Eftir að þannig var komið, var sem allt vit og mannús öll væri gjörsamlega eyðilögð. Trúin á galdra varð öllu öðru yfir-sterkari hjá æðri sem lægri stéttum manna. Sem dæmi mætti nefna, að í bænum Lindheim á Þýzkalandi voru 6 konur lagðar á pínubekk, til þess að játa upp á sig, að þær hefði grafið upp úr kyrkjugarðinum lík af nýdánu barni, til þess að nota það í galdrasmyrsl. Við pyndingarnar játuðu þær þessu, en maður einnar þessarar konu fékk því til leiðar komið, að opnuð væri grófin í nærveru allra dómendanna. Er það var gjört, fundu menn barnið óhrært í kistunni. En rannsóknarrétturinn stóð þá fast á því, að líkið þarna fyrir augum þeirra væri djöfulleg sjón-hverfing og konurnar því afdráttarlaust sekar, og voru þær því bornar á bálið.

Er síðabótahreyfingin mikla ruddi sér til rúms, fengu menn um stundarsakir annað umhugsunarefni, svo að úr galdraofsóknunum dró þá um hrif. En þó var það ekki svo að skilja, að síðabótarmennirnir væri ekki full sterkrúðar á djöfulinn, eins og vitna sögur Lúthers sjálfss um viðureign hans við Kólska, bæði í Wartborgar kastala, þar sem doktorinn varðist með blek-byttunni, og eins heima hjá honum sjálfum. Freytag, sá er skrifar æfisögu Lúthers, hefir það eftir honum, að hann hefði oft haft orð á því, að djöfsi ásækti sig um nætur með ýmsum hrekkjabrögðum, og það kæmi enda fyrir að hann legðist ofan á sig í rekkjunni, svo hann mætti hvorki hræra legg né lið.